

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði.

Breytingin tekur til lóða nr. 12 og 14 við Eyrarlandsveg og felur í sér að lóð nr. 14 stækkar um 31,2 m² og bætt er inn byggingarreit fyrir 35 m² bílgeymslu. Lóð nr. 12 minnkar til samræmis við stækkun lóðar nr. 14.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 3. júlí 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 17. júlí 2023